

**Ed.**

**471. Framvarp**

til laga um fasteignamat.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár, þó svo að fyrsta mat eftir lögum þessum skal fara fram árin 1916—1918 og því næst 1930 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug.

Ef fasteign verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar eða verðmæti hennar rýrnar til muna á annan hátt milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, getur eigandi krafist endurvirðingar. Sömuleiðis getur landsstjórnin látið nýtt mat fram fara á einstökum fasteignum, er hækka mjög í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

2. gr.

Hverja fasteign skál meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af fast-

eigninni, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin hefir verið seld fyrir síðustu 10 ár áður en matið fór fram, og virðingar til lántöku og veðsetningar. Fasteignir skulu metnar til peninga í hundruðum króna, og skal matsverð hverrar eignar standa á heilu hundraði.

### 3. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sjerstök bæjarhús, og afskift tún og engi, metin út af fyrir sig, hvort sem jörðin hefir áður talist lögbyli eða hjáleiga. Verði ágreiningur um þetta eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem er skift sundur milli fleiri eigenda, skuli metin í einu lagi, sker Stjórnarráðið úr þeim ágreiningi.

Eyðijarðir skal meta sjer í lagi, nema þær hafi að fullu og öllu í síðustu fimtíu ár legið undir aðra jörð.

### 4. gr.

Með hverri jarðeign skal meta sjerstaklega hús þau, er á henni standa, hvort heldur þau eru eign landeiganda eða annara. Sömuleiðis skal meta allskonar hlunnindi jarða og ítök í annara lönd, og skulu öll eignagögn jarða, er þeim fylgja, svo og landamerkjabrjef afhent matsnefndinni í staðfestu eftirriti eða frumriti, og skulu þau síðan látin fylgja matsgjörðunum.

Með jörðum skulu eigi metin innstæðukúgildi eða annað lausafje, er jörð kann að fylgja.

### 5. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum skal meta svo, að húsín sje metin sjer í lagi og lóð sú, er hverri húseign fylgir, sjer í lagi.

Enn fremur skal meta sjerstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarrjettindi, sem ekki fylgja neinni jörð eða húseign.

### 6. gr.

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Prætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

### 7. gr.

Hverja fasteign, sem metin er, skal ákveða svo skýrt, að eigi sje um að villast hver hún er, og nafngreina skal eiganda hennar og notanda.

### 8. gr.

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu. En því skal slept til ábúðarskatts, sem verð húsanna kann að fara fram úr þriðjungi af matsverði jarðar.

Húsaskattur af húsum, sem ekki eru notuð við ábúð á jörðu, skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirrar lóðar, er hverri húseign fylgir.

9. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í fasteignamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Fasteignamatsnefndir hafa sömu laun fyrir starfa sinn eins og sýslunefndir.

Fasteignamat skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur og skal því lokið í hverju umdæmi fyrir 15. júlí, í fyrsta sinni 1918. Matsgjörðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst á þingstað hreppsins, eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirskattanefndar.

10. gr.

Við mat fasteigna skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að koma fram með þær skýringar, er hann óskar að teknar verði til greina við matið. Svo er hann og skyldur til að gefa matsmönnum allar þær upplýsingar um fasteignina, er þeim þykir nauðsynlegar. Sje hann óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni yfirskattanefndar fyrir 31. dag ágústmánaðar. Innan sama tíma er hverjum eiganda heimilt að kæra yfir mati á öðrum fasteignum. Yfirskattanefnd fellir úrskurð um kærana, að fengnu álitu fasteignamatsnefndar, og tilkynnir úrskurðinn kæranda, og er því máli þar með ráðið til lykta.

11. gr.

Yfirskattanefnd skal endurskoða mat allra fasteigna í umdæmi sínu, og ef henni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar og skal síðan, að fengnum tillögum fasteignanefndar, lagfæra matið eftir því sem henni þykir rjett vera.

Innan októbermánaðarloka skal formaður yfirskattanefndar afgreiða matsgjörðirnar til Stjórnarráðsins.

12. gr.

Samkvæmt matsgjörðum fasteignamatsnefnda með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirskattanefnda, lætur landsstjórnin semja jarðabók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1920 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af Stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

13. gr.

Allan matskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá er krefst endurvirðingar milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, greiða kostnaðinn við virðinguna, nema verðið breytist um  $\frac{1}{10}$  eða meira.

14. gr.

Þegar fasteignabók sú, sem nefnd er í 12. gr., kemur í gildi, þá er úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.